

3

2. jan.

AUGLÝSING

um notkun heimildar laga til að innheimta með álagi gjald af innlendum tollvörum.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild laga frá 30. des. 1949, um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, og innheimta á árinu 1950:

1. Með 600% álagi gjald af öli samkvæmt 3. tölulið 4. kafla 2. gr. laga nr. 60 1939.
2. Með 550% álagi gjald af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið sömu greinar.
3. Með 450% álagi gjald af öðrum tollvörum samkvæmt lögnum.

Undanþegið hækkun þessari er gjald af kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla laganna.

Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1950.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Kristján Thorlacius.

4

4. jan.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Harðar Þorbergssonar frá Þingeyri“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. janúar 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Harðar Þorbergssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Harðar Þorbergssonar, sem fæddist á Þingeyri 4. maí 1920 og andaðist á Vífilsstöðum 4. júlí 1946.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af föður hans, Þorbergi Steinssyni, Þingeyri, börnum hans og fósturbarni, þeim Fanney S. Þorbergsdóttur, Helgu Þorbergsdóttur, Hrafnhildi Þorbergsdóttur, Jóhönnu Þorbergsdóttur, Helgu Kristjánsdóttur og Leifi Þorbergssyni í tilefni þess, að Hörður var einn af stofnendum skátafélagsins Útherjar á Þingeyri, er stofnað var 14. febr. 1936, og lét sig ávallt miklu skipta viðgang þess og eflingu, þrátt fyrir margra ára sjúkdóm og fjarveru.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 5000 — fimm þúsund — krónur, sem ávaxta skal í Sparisjóði Þingeyrarhrepps eða annarri tryggri stofnun, og má árlega verja $\frac{2}{3}$ vaxta hans til eflingar skátafélagsskapnum á Þingeyri, svo sem með fyrirlestrahaldi, með því að styrkja einn eða fleiri áhugasama skáta, karl eða konu, til að sækja skátamót bæði hérlendis og erlendis, sem líklegir væru til að veita nýjum straumi inn, félaginu til eflingar. $\frac{1}{3}$ vaxta skal leggja við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn 50 þúsund, en þá má verja $\frac{1}{10}$ hlutum vaxtanna í sama skyni og að ofan greinir.

4. gr.

Efla má sjóðinn með hverju því móti, sem henta þykir, gjöfum, áheitum, hlutaveltu og öðrum þeim aðferðum, sem stjórn sjóðsins sér bezt henta á hverjum tíma.

4

4. jan.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa formaður Skátafélagsins Útherjar, sóknarpresturinn og formaður barnaverndarnefndar kaupsins, eða sá, sem gegnir hans starfi þar til barnaverndarnefnd verður skipuð hér. Verði stjórnin ekki fullskipuð samkvæmt ofanskráðu, skal skátafélagið tilnefna mann eða menn í stjórnina, að því frágengnu, þá hreppsnefnd Þingeyrarhrepps eða kaupsins.

6. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda til þeirra, er stjórnina skipa og skal þar tilgreina hvað markmiðið sé, og sker hún úr um styrkhæfnina. Sé nú styrkurinn ekki notaður árlega má úthluta honum að $\frac{1}{3}$ þau árin, en $\frac{2}{3}$ leggjast við höfuðstólinn.

7. gr.

Hætti skátafélagið Útherjar starfsemi sinni í 10 ár eða lengur samfleytt, skal sjóðurinn afhendast til þáverandi oddvita Þingeyrarhrepps eða Þingeyrarkaupsins, og skal þá vöxtum hans varið samkv. 3. gr., til að styrkja fátæka sjúklinga, sem dvelja langdvölum á Vífilsstöðum eða annarri hliðstæðri stofnun og eru á vegum Þingeyrarhrepps eða Þingeyrarkaupsins, svo sem þáverandi hreppsnefnd ákveður.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal reikningur gerður í janúar ár hvert og endurskoðast af sömu aðiljum og hreppareikningarnir.

9. gr.

Endurskoða má skipulagsskrá þessa á 20 ára fresti af ofanefndum aðiljum, en aldrei breyta tilgangi hennar samkvæmt 3. og 7. gr.

Þingeyri, 18. desember 1949.

Þorb. Steinsson.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 130 23. september 1947, um vöruskömmtnun, takmörkun á sölu, dreifingu og afhendingu vara.

5

4. jan.

1. gr.

Aftan við 9. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Skömmtnunarstjóra er heimilt, að fengnu samþykki fjárhagsráðs, að ákveða með auglýsingu samkvæmt því, er segir í 3. gr. 3. mgr., að innflytjendum eða framleiðendum sé óheimilt að afhenda tilteknar skömmtnunarvörur nema gegn sérstökum innkaupaheimildum frá Skömmtnunarskrifstofu ríkisins, og að reitir af gildandi skömmtnunarseðlum séu þá ekki jafnframt löglegar innkaupaheimildir handa innflytjendum né framleiðendum skömmtnunarvara innanlands.

Skömmtnunarskrifstofa ríkisins veitir innkaupaheimildir án undantekningar til verzlana og annarra aðila, sem viðskipti reka, nema slík fyrirtæki hafi ekki gert fullnægjandi skil skömmtnunarseðla.